

Nd.

31. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:

16. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Við 2. gr. III. bætist:

17. Fossá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.

18. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.

19. Hvestuvaðall í Ketildalahreppi í Barðastrandarsýslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Akfær bifreiðavegur er nú kominn í Reykhólasveit innanverða. Svo má segja, að öll þessi fjölbyggða sveit sé greiðfær til vegalagningar alla leið í Þorska-fjörð, og víða nálega sjálfgerðir vegir um harða og slétta mela. En tvær torfærur eru á leiðinni, Bæjará og Laxá. Brú á Bæjará er nú komin í vegalög, og telur vegamálastjóri, að hún muni kosta um sjö þúsund krónur. En brúin á Bæjará

kemur ekki að fullum notum nema Laxá sé einnig brúuð. Telur vegamálastjóri, að brú á hana muni kosta svipað og Brú á Bæjará, eða báðar brýrnar til samans 14--15 þúsund krónur. Er mönnum um austanverða Barðastrandarsýslu það hið mesta áhugamál, að Bæjará og Laxá verði brúaðar, og þykir þá úr vegi rutt hinum mestu torfærum, sem nú hamla því, að Reykhólasveit komist í not hæft og varanlegt samband við akvegakerfi landsins. Þess má og geta, að þetta varðar ekki íbúa Reykhólasveitar einnar, heldur og Gufudalssveitar og þeirra allra, er næst búa hinum megin Þorskafjarðar. Má því svo að orði kveða, að þær samgöngubætur, er leiddi af því, að þessar tvær ár yrðu brúaðar, kæmu að notum íbúum allrar Austur-Barðastrandarsýslu, ekki sízt þar sem vitað er, að inneyjabúar, sem tiltölulega skammt eiga til lands, mundu mjög nota sér það, ef bifreiðarferðir tækjust upp á þessum slóðum, sem svo mjög hafa verið einangraðar.

Um ár þær, sem getur í 2. gr. frv., er það í stuttu máli að segja, að þær eru ekki mjög mikil vatnsföll, miðað við stórar þessa lands, en þó hin mesta torfæra og til ærins бага þeim, sem við það eiga að etja að þurfa að leggja leið sína yfir þær, hvað sem við liggur. Telja héraðsbúar, sem hér eiga hlut að máli, ærna þörf á því, að þær séu brúaðar, og mun vafalaust mega fullyrða, að tekin hafa verið í brúalög og brúuð vatnsföll, sem ekki voru meiri torfærun eða til almennari бага.

Frv. samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, og lagði meiri hl. samgöngumálanefndar til, að það yrði samþ. með nokkrum breytingum. Leitaði nefndin umsagnar vegamálastjóra um frv. og prentaði álit hans með brtt. sínum. Ég hefði borið álit vegamálastjóra undir staðkunnuga menn, og ber þeim öllum saman um það, að minna en 10 metra brýr geti ekki komið til mála á Fossá, Dufansdalsá og Hvestuvaðal, miðað við þá vatnavexti, sem einatt eru í þessum ám. Get ég og sjálfur nokkuð um þetta borið af eigin reynd. En jafnframt vil ég benda á, að vegamálastjóri kveður hvorki sig eða verkfræðinga sína hafa skoðað brúastæðin. Verð ég því að álita, að hér sé ekki að öllu nægilega vel athugað, til þess að leggjast á móti að taka brýr yfir þessi vötn upp í lög um brúargerðir.